

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 106 6. júní 1945, um námskeið og próf í siglingafræði utan Reykjavíkur.

1. gr.

Í 2. grein reglugerðarinnar komi, í stað tölunnar 5, talan 10.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1950.

Ólafur Thors.

Brynj. Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarfélag Aðaldæla frá 24. febr. 1947.

Fyrsta málsgrein 15. gr. orðist svo:

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupanna. Stofnfjárhæð hans er 140 000 — eitt hundrað og fjörutíu þúsund — krónur.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. ágúst 1950.

F. h. r.

Gunnlaugur E. Briem.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

breyting til bráðabirgða á gjaldskrá fyrir rafveitu á Hofsósi, nr. 97 12. okt. 1932, sbr. auglýsingu nr. 12 23. jan. 1946.

1. gr.

Verð á raforku samkvæmt gildandi gjaldskrá rafveitunnar skal hækka um 50%.

2. gr.

Gjaldskrá rafveitunnar skal endurskoða fyrir 1. janúar 1951 og leita staðfestingar ráðuneytisins á ný.